



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



UPPLÝSINGAR FYRIR
NYNEMA

2023–2024



UPPLÝSINGAR FYRIR NÝNEMA 2023–2024

Nemendaskrá

Vanti þig aðstoð er gott að byrja á að heim-sækja Nemendaskrá. Þar getur þú fengið vottorð, staðfest yfirlit námsferla og prófskírteina, keypt prentkvóta og ýmislegt fleira.

Þjónustuborðið er opið virka daga

frá kl. 9–15:30

Afgreiðslutími er alla virka daga

frá kl. 8–15:30

Sími 460 8000 | nemskra@unak.is

Náms- og starfsráðgjöf (NSHA)

Starfsfólk NSHA veitir stúdentum persónulega þjónustu og ráðgjöf. Einnig eru haldin fjölbreytt námskeið, örfyrirlestrar og áhugasviðspróf sem ætlað er að efla stúdenta í námi sínu.

Náms- og starfsráðgjafar hafa umsjón með málefnum fatlaðra stúdenta og stúdenta með sértæka námsörðugleika eða vegna veikinda.

Sálfræðiþjónusta NSHA er stúdentum að kostnaðarlausu og felst í hópráðgjöf, námskeiðum og fræðslu ásamt einstaklingsviðtölum. Þar er veitt skammtímaþjónusta en ekki þjónusta til lengri tíma vegna alvarlegra sálmeina eða greininga. Leitast er við að vísa slíkum málum til viðeigandi meðferðar

Árný Þóra Ármannsdóttir, forstöðumaður NSHA

María Jónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
Aníta Jónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
Einar Kristinsson, sálfræðingur

(skrifstofa F 213 – hjá bókasafni)

Opnir viðtalstímar eru alla virka daga, sjá nánari tímasetningar á vefsíðu HA.

Tímabókanir fara fram í gegnum bókun-

arsíðu NSHA. Samtalið getur farið fram á staðnum, í síma eða á Teams.

Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið

radgjof@unak.is

Fyrirspurnir um sálfræðiþjónustu má

senda á netfangið sali@unak.is

Ugla – Upplýsingakerfi stúdenta

Ugla er innri vefur HA. Þar finnur þú meðal annars stundatöfluna þína, bókalista, yfirlit yfir námskeið, matseðil á Kaffi Borg og tilkynningar frá háskólanum.

Mikilvægt er að stúdentar skrái sig daglega inn í Ugla þar sem breyting á stundaskrá eða stofu getur átt sér stað með stuttum fyrirvara.

ugla.unak.is

Námsumsjónarkerfi

Við HA er notast við námsumsjónarkerfið **Canvas**. Kerfið heldur utan um öll námskeið sem stúdentar eru skráðir í við HA.

Mikilvægt er að fylgjast með upplýsingum í öllum námskeiðum.

canvas.unak.is

SHA – Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

SHA er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta. Allir stúdentar HA eru sjálfkrafa félagar í SHA en þú þarft hins vegar að skrá þig í rétt aðildarfélag til þess að geta tekið þátt í

Ugla
er eins og háskólabýgging,
–heldur utan um allt
Canvas
er skólastofan þín!



@haskolinnaakureyri
Ekki missa af neinu!

gleðinni. Sumir segja nefnilega að félagslífið sé það skemmtilegasta við háskólanám.

Skrifstofa SHA er í D-húsi og er opin mánudaga til miðvikudaga frá kl. 14-18 og fimmtudaga og föstudaga frá kl. 10-18

– Alltaf heitt á könnunni!

sha@sha.is | sha.is

Stúdentakort SHA

Stúdentar við Háskólann á Akureyri geta sótt um rafrænt stúdentakort. Kortið veitir þér afslætti á ýmsum stöðum. Appið heitir Stúdentafélag HA og til þess að sækja þá þarftu að:

- Skrá þig í SHA inn á sha.is
- Sækja forritið í App Store eða Play Store
- Skrá þig inn með HA netfangi
- Velja mynd

FÉSTA – Félagsstofnun stúdenta á Akureyri

FÉSTA á og rekur stúdentagarða og annast ýmsa aðra þjónustu fyrir stúdenta. Boðið er upp á mikið úrval híbýla, frá einstaklingsherbergjum til þriggja herbergja íbúða. Stúdentagarðarnir eru allir í göngufæri við háskólann. **FÉSTA er í D-húsi festa@unak.is | festaha.is**

SnjallDropinn þinn

Þú færð SnjallDropann til afnota gegn 2.000 kr. gjaldi (skilagjald er 1.500 kr.).

SnjallDropinn er allt í senn:

- Aðgangur að prentkerfinu
- Aðgangur að húsnæði HA

Til að sækja um SnjallDropann þarft þú að senda tölvupóst á kort@unak.is og tilgreina nafn, kennitölu og HA-netfangið þitt. Þú færð

tölvupóst þegar SnjallDropinn er tilbúinn og getur þá sótt hann í Nemendaskrá gegn greiðslu. Athugið að eingöngu er tekið við greiðslukortum.

KHA – Kennslu- og upplýsingatækni-miðstöð

Þjónustuborð fyrir tölvuþjónustu og upplýsingatækni háskólans er staðsett í Nemendaskrá. Starfsfólk KHA leiðbeinir stúdentum um öll kerfi og aðstoðar við uppsetningu sé þess óskað. Á hjálparsíðu KHA er að finna upplýsingar og leiðbeiningar sem varða öll kerfi svo sem Office pakkann, kennslukerfið Canvas, þráðlaust net, prentaramál og margt fleira. Alltaf er hægt að leggja inn beiðni um aðstoð á rafrænt þjónustuborð KHA.

Afgreiðslutími er frá kl. 8–16 alla virka daga. Sími 460 8070.

Sendu okkur rafræna beiðni á hjalp.unak.is ef þig vantar aðstoð

hjalp.unak.is

www.unak.is/kennslumidstod

wiki.unak.is

Bókasafn og upplýsingaþjónusta

Á bókasafninu í F-húsi hafa stúdentar aðgang að fræðibókum og á vef safnsins má nálgast rafbækur og margvísleg rafræn tímarit og gagnasöfn. Starfsfólk bókasafns veitir ráðgjöf og aðstoð við upplýsingaleit og leggur áherslu á að veita faglega og persónulega þjónustu. Á bókasafninu hafa stúdentar aðgang að lesstofu með tölvum og upphækkanlegum borðum allan sólarhringinn.

Sími 460 8050 | bsha@unak.is

www.unak.is/bokasafn



Tölvu- og lesrými

Á bókasafni háskólans er afar góð aðstaða fyrir einstaklinga og hópa. Í boði eru upp-hækkanleg skrifborð þar sem hægt er að tengja eigin tölvu við skjá auk þess sem hægt er að fá aðgang að tölvum háskólans. Stúdentum er heimilt að nýta matsal til náms utan matmálstíma. Lesrými er á 2. hæð Miðborgar.

Á Borgum er einnig aðstaða fyrir stúdenta sem er opin allan sólarhringinn. Stúdentaaðstaða er á 2., 3. og 4. hæð. Hægt er að fá sólarhringsaðgang að Borgum hjá Borgarstjóra gegn framvísun SnjallDropans: **Siggi Óli (Borgarstjóri): siggis@dagar.is**

Ritver

Vantar þig aðstoð við ritgerðir?

Í Ritveri HA er veitt aðstoð á öllum stigum ritunarferilsins, bæði við lokaverkefni og námsritgerðir. **[Þú getur bókað tíma, sem er þrjátíu mínútur, í gegnum bókunarsíðu ritversins.](#)** Það er staðsett á bókasafninu og ef þú getur ekki mætt á staðinn getur þú fengið tíma í gegnum samskiptaforritið Teams.

Staðfesting og skráning í og úr námskeiðum

Skráning í og úr námskeiðum fer fram raf-rænt í **Uglu**. Stúdent sem staðfestir ekki námskeið verður skráður úr viðkomandi námskeiði. Það þarf því að staðfesta námskeið á haustmisseri og vormisseri fyrir eftirfarandi dagsetningar:

- **Hautmisseri: 15. september**
- **Vormisseri: 20. janúar**

Staðfesting jafngildir skráningu í próf í viðkomandi námskeiði. Staðfestir þú ekki skráningu í námskeið telst þú vera hætt/ur

í námskeiðinu og ert tekin/n af lista yfir þá stúdenta sem eru skráðir til prófs.

Einnig er mikilvægt að skráir þig úr námskeiði ef þú ætlar ekki að sitja námskeiðið og taka lokapróf. Vanrækir þú það og tekur ekki próf jafngildir það falli.

Skráningar úr námskeiðum þurfa að eiga sér stað fyrir eftirfarandi dagsetningar:

- **Hautmisseri: 1. nóvember**
- **Vormisseri: 1. apríl**

Hægt er að skrá sig úr námskeiðum með því að fara inn í **Ugla mín/Námskeiðin mín** og velja tákni fyrir úrsögn aftan við námskeið.

Upplýsingar um skráningarfresti er að finna í kennsluáskráningu HA á unak.is

Próf

Próf eru haldin í lok haust- og vormisseris. Frekari dagsetningar má sjá í **[kennsluáskráningu á vef háskólans.](#)** Þú getur séð þína próftöflu í **Uglu** undir > **Námskeiðin mín** > **Próf**.

Þau sem hafa ekki tök á að taka próf í húsnaði Háskólans á Akureyri geta tekið próf hjá símenntunar- og fræðslumiðstöðvum. Mikilvægt er að þú skráir þinn prófstað í Uglu. Lokadagur til að skrá prófstað á haustmisseri er 1. nóvember og 1. apríl á vormisseri.

- Ekki þarf að tilkynna forföll sérstaklega til Nemendaskrár sé prófstaður Háskólinn á Akureyri. Sé próftökustaður utan HA er æskilegt að þú látir prófstað vita að þú munir ekki mæta áður en próf hefst.

Seinni próftíð er ætluð þeim stúdentum sem komast ekki í próf eða náðu ekki lágmarkseinkunn. Hún er haldin í byrjun janúar vegna námskeiða á haustmisseri og í lok maí vegna námskeiða á vormisseri. Þú skráir þig í próf í seinni próftíð í bláum borða á forsíðu

Uglu eftir að einkunn hefur verið birt eða þú skráð/ur fjarverandi í prófi.

- Greiða þarf próftökugjald fyrir próf í seinni próftíð í Uglu.
- Próftökugjald er 6.000 kr. Gjaldið þarf að greiða að lágmarki viku fyrir prófdag svo að skráningin teljist gild.
- **Athugið:** Ef þú forfallast í prófi ertu ekki sjálfkrafa skráð/ur í seinni próftíð. Þú þarft að skrá þig sérstaklega í Uglu og greiða próftökugjald. Nauðsynlegt er að stúdentar kynni sér **[reglur um námsmat á vef háskólans.](#)**

Skiptinámi

Allir stúdentar eiga kost á að taka hluta af námi sínu við erlenda samstarfsháskóla. Um er að ræða eins til tveggja missera nám og eru ferða- og upphaldsstyrkir í boði.

Byggðu upp fjölbjóðlegt tengslanet og auktu færni þína í öðru tungumáli um leið og þú kynnist nýrri menningu, siðum og venjum í öðru landi. Þessi reynsla nýtist þér tvímælaust í atvinnulífinu að námi loknu.

Skrifstofa alþjóðafulltrúa er á 4. hæð á Borgum (R406)

Rúnar Gunnarsson, forstöðumaður miðstöðvar alþjóðasamskipta
Hildur Friðriksdóttir, verkefnastjóri
international@unak.is
www.unak.is/skiptinam

Líkamsrækt

Fyrir þau sem hafa áhuga á bættri heilsu og líðan er ókeypis aðgangur að líkamsræktarsal í háskólanum. SnjallDropinn veitir aðgang að salnum á milli 7:00–00:00. Salurinn er lokaður meðan á kennslu í honum stendur. Einu sinni í viku er jóga fyrir stúdentu og starfsfólk. **Notaðu tækifærið og settu líkamsrækt inn í stundatöfluna!**

Skápar

Í kjallara undir Miðborg eru skápar með lykli til afnota án endurgjalds.

Kaffi Borg

Matsala háskólans heitir **Kaffi Borg**. Alla virka daga er boðið upp á súpu og salatbar í hádeginu og heitan mat á þriðjudögum og fimmtudögum. Auk þess er boðið upp á smurt brauð, hafragraut, ávexti, mjólkurvörur, ýmsa drykki, sætabrauð og sælgæti. Yfir vetrartímann er Kaffi Borg opin þegar háskólinn er starfandi:

- Alla virka daga frá 8:30 til 14:30
- Sjálfsali er í borðsal sem er opin allan sólarhringinn

Sími 866-4685 | matur@unak.is

Umhverfismál

Umhverfismál eru í forgangi hjá okkur í HA. Umhverfisráð gerir sjálfbærar aðgerðir sýnilegar og skemmtilegar. Þú getur unnið verðlaun fyrir góða græna hugmynd og fengið stuðning við að gera hana að veruleika. Allir stúdentar sem skrifa undir græna samgöngusamninginn taka þátt í happdrætti og eiga möguleika á glæsilegum vinningum. Við stefnum að fullu kol-efnishlutleysi og því eru stúdentar hvattir til þess að nýta vistvæna ferðamáta til og frá háskólasvæðinu. Stúdentar eru beðnir að leggja sitt af mörkum við að auka endurvinnsluhlutfall háskólans með því að flokka allt rusl og velja endurnýjanlegar umbúðir fyrir mat og drykk.





@umhverfisradha
Taktu þátt í gjafaleiknum okkar á Nýnemadögum!

BORGIR

Auðlindaeild
Viðskiptadeild
Skrifstofa rektors
Miðstöð alþjóðasamskipta
Markaðs- og kynningarmál
Miðstöð doktorsnáms
RHA – Rannsóknamiðstöð HA
RMF – Rannsóknamiðstöð ferðamála
Símenntun Háskólans á Akureyri

SÓLBORG

A Nemendaskrá 
Hug- og félagsvísindasvið
Heilbrigðisvísindi
B Hug- og félagsvísindasvið
C Matsala 
D FÉSTA
SHA – Stúdentafélag HA

E Hug- og félagsvísindasvið
Gæða- og mannauðsstjóri
Verkefnastjóri mannauðsmála
Framkvæmdastjóri
Fjármál og greining
Rekstur fasteigna
F Bókasafn og upplýsingaþjónusta
G Náms- og starfsráðgjöf (NSHA)
I Líkamsrækt
J Verklef hjúkrun og iðjuþjálfun

K KHA – Kennslumiðstöð
Myndver
L Kennsla
M Fyrirlestrarsalir
Kennsla
N Hátíðarsalur
Kennsla
O Kennaradeild
Miðstöð skólaþróunar



Skrifstofa Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs er á tveimur stöðum:
3. hæð í A-húsi á Sólborg (A306) og 2. hæð á Borgum (R241)

Skrifstofustjóri: Anna Bryndís Sigurðardóttir | disa@unak.is | 460 8036

Verkefnastjórar:

Ása Guðmundardóttir | asa@unak.is | 460 8037 – Viðskiptadeild

Áslaug Lind Guðmundsdóttir | aslaug@unak.is | 460 8483

– Framhaldsnámsdeild í heilbrigðisvísindum og fagnám fyrir starfandi sjúkraliða

Arna Garðarsdóttir | arna@unak.is | 460 8486 – Hjúkrunarfræðideild og Iðjuþjálfunarfræðideild

Herdís Hulda Guðmannsdóttir | herdishulda@unak.is | 460 8043 – Auðlindaeild

Forseti Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs er Brynjar Karlsson

Skrifstofa Hug- og félagsvísindasviðs er á 2. hæð í A-húsi á Sólborg (A219)

Skrifstofustjóri: Heiða Kristín Jónsdóttir | heida@unak.is | 460 8039

Verkefnastjórar:


Anna Karen Úlfarsdóttir | aku@unak.is | 460 8522 – Félagsvísindi, fjölmiðlafræði,
núttímafræði, kennarafræði

Heiðrún Ósk Ólafsdóttir | heidrunosk@unak.is | 460 8520 – Lögreglufræði

Hildur Sólveig Elvarsdóttir | hildursolveig@unak.is | 460 8521 – Lagadeild

Katrín Eiríksdóttir | katrine@unak.is | 460 8523 – Sálfræðideild

Forseti Hug- og félagsvísindasviðs er Tom Barry



Háskólinn á Akureyri

Norðurslóð 2
600 Akureyri
unak@unak.is
unak.is